

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 3-2018

*Tími:* Þriðjudagur 20. mars 2018 á Keldnaholti og í síma kl. 17:00

*Mætt:* Sæmundur Sveinsson, Helena Guttormsdóttir, Bjarni Stefánsson, Sunna Þórarinsdóttir, Margrét Gísladóttir og Hafdís Hanna Ægisdóttir á Keldnaholti og Hilmar Janusson í símanum. Guðríður Helgadóttir ritaði fundargerð. Vilhjálmur Egilsson, rektor háskólans á Bifröst kom inn á fundinn.

### 1. Samstarf milli Háskólans á Bifröst og Lbhí

Vilhjálmur Egilsson, rektor háskólans á Bifröst kom inn á fundinn og ræddi um möguleika á samstarfi milli skólanna. Einnig var rætt var um þróun fjarnáms og nýsköpun í námsframboði.

### 2. Atriði ritskoðað

### 3. Staðan í stefnumótunarvinnu Lbhí

Haldinn var stefnumótunarfundur með öllum starfsmönnum skólans og heppnaðist sá fundur vel. Jafnframt hefur stýrihópur stefnumótunar hist á nokkrum fundum til að vinna áfram með það efni sem safnaðist inn á starfsmannafundinum. Rektor fór nánar yfir helstu punkta sem komu frá stefnumótunarfundi starfsmanna.

### 4. Vinnustaðagreining Gallup

Skólinn fékk Gallup til að setja upp fyrir sig skoðanakönnun um líðan starfsmanna innan skólans. Rektor kynnti helstu niðurstöður könnunarinnar fyrir háskólaráði. Niðurstöðurnar gefa tilefni til að hægja aðeins á stefnumótunarvinnunni og vinna frekar í mannauðsmálum innan skólans.

### 5. Auglýsing eftir rektor og deildarforseta

Skólinn þarf á næstu dögum að auglýsa eftir nýjum rektor og deildarforseta en Auður Magnúsdóttir hættir störfum við Lbhí þann 1. maí og hverfur þá til annarra starfa. Rætt var um hæfniskröfur til rektors og hvaða aðferðafræði væri heppilegust til að ná til góðra einstaklinga og fá þá til að sækja um viðkomandi stöður.

### 6. Önnur mál

#### a. Ráðningarferli rektors

Umboðsmaður Alþingis hefur óskað eftir öllum gögnum varðandi umsóknir og ráðningaferli þegar auglýst var eftir rektor síðastliðið vor og einnig er óskað eftir gögnum varðandi ákvarðanatöku við skipan rektors til eins árs. Málið er í ferli.

#### b. Fundur með menntamálaráðherra

Rektor og Margrét Gísladóttir munu funda með Lilju Alfreðsdóttur þann 4. apríl næstkomandi þar sem fundarefnið verður staða og framtíð Lbhí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:02.